

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 170 4. des. 1967 um laun ríkisstarfsmanna samkvæmt dómi Kjaradóms 21. júní 1968.

1. gr.

Við gildistöku dóms þessa skal sú verðlagsuppbót (19.16%), sem greidd er samkvæmt lögum nr. 70/1967, lögð við grunnlaun, sem verðlagsuppbót hefur verið greidd á, og telst hvort tveggja grunnlaun, er verðlagsuppbót skal greidd á samkvæmt ákvæðum dóms þessa.

2. gr.

Verðlagsuppbót samkvæmt dómi þessum greiðist á grunnlaun fyrir dagvinnu, sem eigi eru hærri en kr. 10 000.00 á mánuði. Á þann hluta dagvinnulauna, sem er umfram þessi mörk, skal eigi greidd verðlagsuppbót.

Á grunnlaun, er nema allt að kr. 16 000.00 á mánuði, skal greiða sömu verðlagsuppbót og á 10 000.00 króna grunnlaun, en verðlagsuppbót þessi skal síðan fara lækkandi á hverju grunnlaunastigi fyrir ofan 16 000.00 kr., og skal lækkunin á hverju launastigi nema ½% af viðkomandi grunnlaunum. Þetta skal þó aldrei valda því, að verðlagsuppbót á grunnlaun milli kr. 16 000.00 og kr. 17 000.00 á mánuði verði lægri en helmingur þess fjár, sem er á 10 000.00 króna grunnlaun.

Verðlagsuppbót á eftirvinnu skal greidd með sömu krónutölu og greidd er á dagvinnutaxta (sbr. 8. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóv. 1967). Á nætur- og helgidagavinnu skal einnig greidd verðlagsuppbót með sömu krónutölu og er á dagvinnutaxta, en þó eigi fyrr en frá og með 1. júní 1968.

Vaktaálag greiðist ekki á verðlagsuppbót og verðlagsuppbót greiðist ekki á vaktaálag.

Grunnupphæðir mánaðarlauna samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru miðaðar við það, að unnið sé fullt starf samkvæmt vinnutíma í starfsgreininni, en þegar svo er ekki, lækkar hlutfallstala hámark þeirra mánaðarlauna, sem verðlagsuppbót er greidd á, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Frá gildistöku dóms þessa, sbr. 6. gr., og til maíloka 1968 skal greiða 3% verðlagsuppbót á grunnlaun, í samræmi við ákvæði 2. greinar.

4 gr.

Hinn 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1968, 1. febrúar 1969 og framvegis á þessum tímum, reiknar Kauplagsnefnd þá hækkun, sem hlutfallslega hefur orðið á framfærslukostnaði í Reykjavík síðan 1. nóvember 1967. Frá vísitölunni eins og hún er hverju sinni samkvæmt þessum útreikningi nefndarinnar, dregur hún 2.34 prósentustig, og fæst þá hundradshluti þeirrar verðlagsuppbótar, er greidd skal á laun frá 1. degi næsta mánaðar á eftir, í samræmi við ákvæði 2. gr. Verðlagsuppbótin reiknast með tveimur aukastöfum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda um þá verðlagsuppbót, er skal koma til framkvæmda 1. júní og 1. september 1968, að öðru leyti en því, að verðlagsuppbót, sem svarar ⅓ hækkunar framfærslukostnaðar frá 1. febrúar til 1. maí 1968, skal ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. desember 1968.

5. gr.

Þá er Kauplagsnefnd reiknar hækkun framfærslukostnaðar samkvæmt 4. gr., skal hún eigi taka tillit til þeirrar hækkunar hans, sem stafar af verðhækkun á bú-

vörum — þeirrar, er leiðir af hækkun á kaupi bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli, vegna ákvæða samnings Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda frá 18. marz 1968.

6. gr.

Dómur þessi gildir frá 1. apríl 1968 og til sama tíma og dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1967.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1968.

REGLUR**um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni.**

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 71 30. desember 1963, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á að notað hafi verið á dráttarvélar til búreksturs, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verður endurgreitt af meira benzínmagni vegna hvernar einstakrar vélar en hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir	1250 lítrar á ári
15—19 hestafla vélar	1000 lítrar á ári
14 hestafla vélar og þar undir	750 lítrar á ári

Innflutningsgjaldið endurgreiðist eftir á fyrir hvert almanaksár.

3. gr.

Hver notandi um sig sækir um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað. Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal tilgreina í beiðninni, hversu marga lítra af benzíni umsækjandi hefur alls notað á árinu. Skal þar greina hversu mikið magn hefur verið notað á dráttarvélar til búreksturs og hversu mikið magn hefur farið til notkunar á aðrar vélar. Með beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands skal fylgja kvittaður sölureikningur. Sé sölureikningur ekki greiddur, skulu afhendingarnótur fylgja umsókn.
2. Yfirlýsing umsækjanda um, hversu margar klst. á árinu hver benzínknúinn dráttarvél muni hafa verið notuð.
3. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, skal fylgja umsókn vottorð lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt um innflutninginn og greiðslu innflutningsgjalds.
4. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að umsækjandi eigi gangfæra, benzínknúna dráttarvél, sem hann noti til búrekstrar.